

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 – 1994

2. mars 1994

253

Nr. 94

REGLUGERÐ

um rétt manna til að kalla sig húsameistara.

1. gr.

Ráðherra er heimilt að veita mönnum, sem hlotið hafa leyfi í einhverju ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu til að kalla sig húsameistara (arkitekt) og geta lagt fram vottorð því til sönnunar frá sínu heimaríki, leyfi til að kalla sig húsameistara, þrátt fyrir að þeir hafi ekki lokið prófi í byggingarlist.

2. gr.

Áður en leyfi skv. 1. gr. er veitt skal leitað umsagnar stéttarfélags húsameistara.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 83 18. maí 1993 um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, öðlast gildi þegar í stað.

Lönaðarráðuneytið, 2. mars 1994.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Gunnar Viðar.

4. mars 1994

Nr. 95

REGLUGERÐ

um afnám reglna nr. 57/1929 fyrir Veðurstofu Íslands.

1. gr.

Með reglugerð þessari eru felldar úr gildi reglur nr. 57/1929 fyrir Veðurstofu Íslands.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 30/1985 um Veðurstofu Íslands og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 4. mars 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

Steindórsprent Gutenberg hf.